


Öðfölskið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 8. árg. Júní 2007



Í þessu blaði...

3 Leiðari blaðsins

Anna Jóna Lárusdóttir meðstjórnandi Félags heyrnarlausra

4 Upplifun og gaman í Þórsmörk

Norrænt æskulýðsmót heyrnarlausra var haldið í Þórsmörk dagana 30. júní til 6. júlí 2006 og var það vel heppnað. Heiðis Dögg Eiríksdóttir skrifaði grein um mótið.



8 Á að viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra?

Sagt er frá baráttu félagsins að fá íslenska táknmálið viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Rætt er við Sigurlínu Margrét Sigurðardóttur þáverandi varaþingmann sem flutti frumvarp um viðurkenningu á íslensku táknmálinu.

11 Aldraðir í heimsókn

Félag heyrnarlausra bauð eldri félagsmönnum í sólarcaffi í húsakynnum félagsins þann 5. júní sl.

11 Heyrnarlausir á sjó í 138 ár

Magnús Guðberg Jónsson var heiðraður á sjómannadaginn 3. júní sl.

13 Fjölbreytt menningarhátíð á Akureyri

Sagt er frá Norrænu menningarhátíð heyrnarlausra sem haldin var á Akureyri í fyrra í myndum og í máli. Grein eftir Sigurlín Margrétu Sigurðardóttur og myndagrein eftir Hauk Vilhjálmsson.

21 Norrænir vinir að eilífu

Norðurlandaráð heyrnarlausra er eitthundrað ára á árinu 2007. Fjallað er aðeins um Norðurlandaráðið, sem hefur á síðustu 10 árum orðið alþjóðlegra og Íslendingar gerðust aðilar að Norðurlandaráði heyrnarlausra árið 1974.

23 Í kappi við tímann á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni

Draumar 2006 var fyrsta alþjóðlega leiklistarhátíðin sem Draumasmiðjan hélt í tengslum við Norrænu menningarhátíð heyrnarlausra á Akureyri.

Elsa Guðbjörg Björnsdóttir, ein af skipuleggjendum leiklistarhátíðarinnar, upplýsti Döffblaðið um hvernig var að vinna við leiklistarhátíðina og stressið í kringum hana.



25 Heyrnarlausir eru sjálfstæðari en áður

Vilhjálmur B. Vilhjálmsson hefur starfað mikið með heyrnarlausum í áratugi og er heiðursfélagi þess síðan 1987. Öll fjölskyldan hefur unnið á vettvangi heyrnarlausra og því þótti okkur forvitnilegt að eiga viðtal við Vilhjálmm og Guðrúnu konu hans.

28 Að keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumeistaramóti í keilu í Sviss

Ragna Guðrún og Anna Kristín fóru til Sviss sumarið 2006 til að keppa í Evrópumeistaramóti heyrnarlausra í keilu. Ragna og Anna segja lesendum Döffblaðsins frá ferðinni.

29 Gaman að elda

Baldur Hauksson er mikill kokkur. Hann segir matargerð vera hálfgerð fjölskylduáhugamál en hann hefur haft áhuga á mat og matargerð síðan hann var unglingur. Baldur gefur okkur uppskrift að kjúklingasúpu.

31 Samstarfssamningur

Sagt er frá samkomulag sem Pro Optik og Félag heyrnarlausra gerðu með sér í febrúar sl.

Döffblaðið



Döffblaðið - Fréttabréf Félags heyrnarlausra, 1. tölublað 8. árgangur, júní 2007

Útgefandi: Félag heyrnarlausra, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík // Sími: 561 3560 // Fax: 551 3567 // Netfang: deaf@deaf.is // Veffang: www.deaf.is

Ritstjóri: Kristinn Jón Bjarnason // **Að blaðinu unnu:** Brynja Hrönn Jónsdóttir og Kristinn Jón Bjarnason
Prófarkalestur: Margrét Baldursdóttir // **Ljósmyndir:** Karl Bartels, Kristinn Jón Bjarnason, þátttakendur á norræn æskulýðsmót og norrænu menningarhátíð og fleiri // **Umbrot:** Kristinn Jón Bjarnason //

Ábyrgðarmaður: Hjördís Anna Haraldsdóttir

Prentun: Litlaprent ehf // **Upplag:** 1.200 eintök

Stjórn Félags heyrnarlausra: Hjördís Anna Haraldsdóttir formaður, Júlía G. Hreinsdóttir varaformaður.

Meðstjórnendur: Anna Jóna Lárusdóttir, Elsa G. Björnsdóttir og Haukur Vilhjálmsson.

Framkvæmdastjóri: Kristinn Jón Bjarnason

ISSN: 1670-6013

Leiðari eftir Önnu Jónu



Kæri lesandi.

Í þessum leiðara langar mig til að fjalla um aldraða fólkið.

Í dag býr það við mjög mikla einangrun og litlar upplýsingar frá samfélagi heyrnarlausra. Alla sína tíð hafa þau unnið fyrir samfélag heyrnarlausra á Íslandi. Þau hafa lélega menntun, litla íslensku kunnáttu og eiga erfitt með að tjá sig á skrifuðu máli og skilja íslenskuna illa. Þau misstu vinnuna í kringum 50 – 60 ára aldurinn og áttu erfitt með að fá góða vinnu þar sem krafa var um betri menntun. Þau fóru því yfirleitt beint á atvinnuleysisbætur og tryggingabætur sem eru mjög lágar. Því er það mín skoðun að ríkið skuldi þessu fólki heilmikið. Þau fengu ekki að njóta neinnar framhaldsmenntunar líkt og aðrir svo að þau gæti átt möguleika á að finna góða vinnu á mannsæmandi launum. Í staðinn unnu þau lágláunavinnu alla sína ævi og jafnvel vinnu sem skaðaði heilsu þeirra til langtíma. Þau hafa aldrei kvartað og hafa virt íslenska samfélagið en nú er kominn tími til að rétta þessu

fólki hjálparhönd og veita þeim tækifæri á við heyrandi fólk. Nú verðum við að hugsa vel um heyrnarlausu aldraða fólkið á Íslandi. Þau þurfa á hjálp og betri þjónustu að halda enda þurft að þola margt í lífinu. Þau eiga það inni að fá að líða vel eitt tímabil ævi sinnar. Að mínu mati er ekki hægt að láta þau þola meiri vanlíðan og einangrun en því miður er okkur sagt að það sé ekki til peningur. Mér skilst að ríkið geti ekki veitt okkur meiri peninga en mér finnst það skulda okkur heilmikið. Ríkið ber mikla ábyrgð á því í hvaða stöðu við erum í dag. Mig langar að geta gert eitthvað fyrir þetta aldraða heyrnarlausu fólk svo að því geti liðið vel. Mig langar að geta veitt því góða þjónustu þannig að þau geti notið þess tíma sem þau eiga eftir. Mér þykir vænt um þetta aldraða fólk. Þau eru eins og fjölskylda mín og það var þessi fjölskylda sem myndaði menningu mína.

Bestu kveðjur
stjórn Félags heyrnarlausra
Anna Jóna Lárusdóttir.



Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarlausra í gegnum tíðina.

Sérstakar þakkir til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.

Félag heyrnarlausra





Norrænt æskulýðsmót heyrnarlausra 2006

Upplifun og gaman í Þórsmörk

Eftir Heiðdísí Dögg Eiríksdóttur



Hluti af norrænu samstarfi heyrnarlausra er þátttaka í norrænu æskulýðsmóti heyrnarlausra sem haldið er á tveggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndum. Norrænt æskulýðsmót var haldið fyrst árið 1976 í Reykholti og nú var komið að því að halda annað mót aftur á Íslandi árið 2006. Var það haldið í Þórsmörk, vikuna 30. júní til 6. júlí. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð af hópefli, hópinnu, leiklist og verkefnum sem ætluð eru að efla norræna samkennd, þekkingu og áhuga á menningarlegum, pólitískum og félagslegum málefnum einstaklinga á

Norðurlöndunum. Það er mjög mikilvægt að rjúfa félagslega einangrun heyrnarlausra og efla sjálfsmynd þeirra. Stór þáttur í því er að skapa vettvang þar sem heyrnarlausir geta hist og átt samskipti við aðra. Norræn æskulýðsmót heyrnarlausra gefa ungu heyrnarlausu fólki tækifæri til að hitta jafnaldra sína sem tala táknmál og eignast nýja vini.

Fljótlega eftir æskulýðsmótið í Noregi 2004 var byrjað að undirbúa æskulýðsmótið á Íslandi og undirbúningsnefnd sett á laggirnar. Í henni voru Hjördís Anna Haraldsdóttir, Arnar Ægisson, Már Ólafsson og Hulda María Halldórsdóttir. Öll höfðu þau tekið þátt tvisvar eða oftar í æskulýðsmóti og var það kostur fyrir undirbúningsnefndina. Þau unnu að því að leita að mótstað og skoðuðu dagsetningar. Sumarið 2005 urðu mannskipti í nefndinni, Kristinn Arnar Diego og undirrituð Heiðdís Dögg Eiríksdóttir komu inn í staðinn fyrir Huldu og Má.

Til að geta staðist umfang undirbúningsins réðst

undirbúningsnefndin í samstarf við ráðstefnuskrifstofu Congress Reykjavík. Undirbúningsnefndin hittist í fyrstu mánaðarlega og svo á tveggja vikna fresti þegar nær dró að mótinu. Þar sem fáir heyrnarlausir eru á aldrinum 18 ára til 30 ára var ákveðið að auglýsa eftir sjálfboðaliðum til að vinna á mótinu auk okkar svo að ekki allir íslensku þátttakendurnir tækju þátt í undirbúningnum og fengum við fjóra sjálfboðaliða. Þeir sem gáfu sitt starf á mótinu voru Florian frá Austurríki, Minna frá Finnlandi og Eddie frá Ástralíu, þau öll höfðu einhverja reynslu af mótstörfum og höfðu búið á Norðurlöndum allan eða einhvern tímann. Helga Thor bauð sig fram sem táknmálstúlkur og var það vel þegið. Fyrir vinnu sína fengu þau þátttökugjaldið frítt. Ákveðið var að taka Húsadal í Þórsmörk sem mótstað sem var ögn ögrandi þar sem þetta er nú ekki beint auðveldasti staðurinn en allir voru ánægðir með staðarvalið, bæði vegna fegurð náttúrunnar og skipulag á húsnaði.

Spenna á leiðinni

Arnar, Hjördís, Florian, Minna, Eddie og Helga fóru á mótstað 28.júní með

allan búnað til að undirbúa mótið. Heiðdís og Kristinn fylgdu þátttakendum frá BSÍ til Þórsmerkur. Ferðin frá Reykjavík til Þórsmerkur gekk mjög vel, farið var á tveimur rútum og leiðin til Húsadals í Þórsmörk er ekki auðveld. Fara þarf á sérútbúnum bílum eða rútum og góða kunnáttu þarf til að komast yfir Krossá til að komast í Húsadal. Mikil spennan var hjá þátttakendum er rútbílstjórnarnir tilkynntu að Krossá væri kannski erfið vegna mikillar úrkomu síðustu daga. Á meðan ferðinni yfir árnar stóð mátti sjá hundruð myndavélaljós úr rútnni. Allir önduðu léttar er komið var á mótstað og voru fegnir að fá þurran farangur. Kvöldið hófst með því að úthluta öllum svefnpláss, dagskrá og bóli og að því loknu voru þátttakendum veittar helstu upplýsingar og reglur staðarins og til að toppa kvöldið hélt starfsliðið sem mætti á vettvang fyrr smá leiksýningu við mikla gleði mannskaparins.

Reiðtúr

Eftir hefðbundna rútinu á laugardagsmorgni var öllum smalað út á tún þar sem allir kynntu sig og fóru í ísbrjótsleiki til að kynnst hvort öðru betur. Eftir hádegismat gátu þátttakendur valið um að fara í göngutúra um svæðið eða í reiðtúr. Allir voru vonum ánægðir með reiðtúrinn um fallett svæðið.

Fjölbreytt dagskrá

Allir dagar hófust á morgunverði og að fáninn var dreginn að húni, löndin skiptust á að draga sína fána að húni. Var það gert í þeirri röð þar sem æskulýðsmótin eru haldin á tveggja ára fresti. Eftir kvöldmat alla daga var kvöldvaka og var hún á ábyrgð þessara landa sem drógu sína fána að húni að morgni dagsins. Eftir kvöldmat hjálpuðust liðin að ganga frá diskum, hlaða borðum upp og raða stólum fyrir framan litla sérsmiðaða sviðið. Á meðan unnið var að þessu áttu margir leið um í Þórslaug sem var sérútbúinn heit laug og féll hún vel að umhverfinu og náttúrunni. Aðstæður til sturtuferða voru ekki með þeim bestu fyrir 100 manns en með góðri lagni tókst nokkrum vitringum að koma upp skema sem þróaðist með tímanum. Dagskráin var fjölbreytt og saman stóð hún af þrautaleikjum, ratleik, reiðtúr, gönguferðum, fótbolta, dagsferð, vinnusmiðju og ólympíudegi. Í dagsferðinni var farið um Selfoss, Keríð, Geysi, Gullfoss og endað við





Seljalandsfoss í bakaleiðinni til Þórsmerkur. Sjá mátti að þátttakendur skemmtu sér við að skoða fegurð Íslands og náttúruundur eins og sumir komust að orði. Potturinn og Pannan sá um elda ofan í allan mannskapinn á mótinu og að sögn þátttakenda höfðu þau aldrei kynnst svona góðum mat á móti.

Stressandi heimferð

Heimferðin var nú að mörgu leyti sumum erfið þar sem ferðin gekk ekki alveg klakklaus fyrir sig. Að kvöldi fyrir brottfarardag var rætt við bílstjórana um brottfaratíma sem átti að vera í síðasta lagi klukkan níu. Nefndinni/mótstjórum gekk glimrandi vel að koma öllum þátttakendum út á tún hálf tíma fyrir brottför og þegar leið að brottfarartímanum var hvergi að sjá rútuna né bílstjórana. Mótstjórar urðu nú þínu stressaðir og fór þá einn af stað til að kanna málin og var þá ein rútan biluð og voru karlarnir á fullu að reyna að koma öllu í lag og til að toppa þetta var Krossá ekki í sínu besta skapi þennan dag, vaxið hafði í ána um nóttina sem gerði rútum erfiðara að komast yfir. Það sem jók enn á stressið var að um 35 manns áttu bókað flug kl 15:30 og svo annar stór hópur stuttu seinna urðum við því að leggja af stað sem fyrst til Reykjavíkur til að þau næðu fluginu. Ein rútan lagði af stað með u.þ.b 70% af þátttakendum og afgangurinn beið eftir rútu. Tíminn leið og brugðið var á það ráð að hringja til Reykjavíkur og eftir dágóða stund var hinum

þátttakendum skutlað yfir Krossá og hittust þar öll liðin og farið var í aðra rútu. Andað var ögn léttar yfir því að nú væri leiðin greið til Reykjavíkur og litlu mátti muna að hópurinn missti af fluginu sínu. Þegar leiðin var hálfnuð í gegnum Þórsmörk bilaði ein rútan og það fór tími í að finna út bilunina og koma því í lag. Á einu augnabliki fór rútan af stað og lagt var af stað áleiðis til Reykjavíkur og fengum við þær fregnir að önnur rúta kæmi á móti okkur og taka alla þá sem voru að missa af fluginu sínu og keyra þau beint til Keflavíkur. Allir komu þreyttir og glaðir til BSÍ og kveðjustundin rann upp.

Lokaorð

Þetta æskulýðsmót mun seint hverfa úr manna minnum og erum við í mótsnefnd mjög ánægð með hana. Hún fór fram úr björtustu vonum okkar. Við lærðum margt á undirbúningstímanum og á meðan á mótinu stóð. Við komum heim með mikla reynslu og nýja þekkingu. Þetta var stundum mjög erfitt þar sem við vorum fáliðuð en bjartsýnin, jákvæðnin og góð samvinna kom okkur öllum í gegnum mótið með bros á vör.





Á að viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra?

eftir Kristinn Jón Bjarnason



Hjördís Anna Haraldsdóttir formaður Félags heyrnarlausra afhendir Sólveigu Pétursdóttur forseta Alþingis og Geir H. Haarde, forsætisráðherra undirskriftarlista til stuðnings við félagið og hagsmunabaráttu þess.

Að viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra

Lykill heyrnarlausra að virkri þátttöku í samfélaginu er að þeir nái tökum á íslensku. Heyrnarlausir þurfa að eiga kost á menntun á táknmáli, og sjá má að heyrnarlaus ungmenni eru með betri menntun og ganga í háskóla miðað við þá staðreynd að um 80% heyrnarlausra fullorðinna hafa enga formlega menntun umfram grunnskólapróf og meirihluti þeirra býr við kröpp kjör og bága félagslega stöðu. Flestir hafa lítil tök á íslenskunni og lesa sér ekki til gagns nema einfaldan texta. Afar fáir hafa gott vald á að rita íslensku. Í dag er það í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla að heyrnarlaus eða heyrnarskert börn eiga rétt á táknmálaskennslu. Verið er að endurskoða námsskránna þar sem áherslan eigi að vera lögð á tvítyngiskennslu í táknmáli og íslensku fyrir heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ekki eigi að líta á

táknmáls- og íslenskukennslu sem tvær greinar heldur eina heild. Heyrnarlausir noti táknmálið til tjáningar við aðra heyrnarlausra og heyrnarskertra einstaklinga og einnig þá sem nota talmál. Einnig sé betur hlúð að skrifaðri íslensku þannig að heyrnarlausir læri að öðlast færni í að nota skrifað mál í samskiptum sínum við þá sem ekki nota táknmál. Áhersla er lögð á að mál sé félagslegt fyrribæri og stöðu táknmáls gagnvart íslensku, einkenni hvers einstaklings, hvaða hópi eða hópum hann tilheyrir með hliðsjón af málunum sem eru hluti af honum sjálfum, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu í ljósi aukins skilnings á réttindum fólks með táknmálstvítyngi. Er áætlað að ný aðalnámsskrá grunnskólanna taki gildi síðar á þessu ári.

Félag heyrnarlausra hefur barist fyrir því í mörg ár að íslenskt táknmál verði móðurmál heyrnarlausra. Íslenska táknmálið er sjálfstætt og

lífandi „tungu“mál skyldast táknmálum heyrnarlausra í grannlöndunum og móðurmál um 250 Íslendinga.

Áskorun Félags heyrnarlausra

Félag heyrnarlausra sendi öllum alþingismönnum þann 22. febrúar 2007 áskorun þar sem farið er fram á að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, allt efni í sjónvarpi verði textað svo heyrnarlausir eigi greiðari aðgang að upplýsingum svo og lausn á túlkamálum. Vonast var til að alþingismenn taki vel í áskorunina og gerðu allt í þeirra valdi svo að þetta geti orðið að veruleika. Heyrnarlausir á Íslandi búa við einangrun sem þarf að rjúfa til að þeir standi jafnfætis öðrum íslenskum þegnum.

Frumvarp um viðurkenning táknmáls

Þann 27. febrúar 2007 mælti Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, óháður þingmaður, fyrir frumvarpi um táknmál yrði fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og voru 25 þingmenn úr öllum flokkum meðflutningsmenn. Sigurlín er fyrsti heyrnarlausir þingmaðurinn sem setið hefur á Alþingi Íslendinga. Þetta var í þriðja sinn sem Sigurlín flutti þetta sama frumvarp en að þessu sinni komu meðflutningsmenn hennar úr öllum flokkum. Margir þingmenn tóku undir með henni og haft var á orði í umræðum að líklega væri kominn meirihluti á þingi fyrir samþykkt frumvarpsins. Sigurlín Margrét þingmaður sagði m.a. í frumvarpi þess efnis að íslenska táknmálið yrði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra að „samfélag heyrnarlausra þolin ekki fleiri bráðabirgðalausnir.“ Sigurlín benti á að á 13 árum hafa fjórar nefndir á vegum stjórnvalda átt að finna lausn á túlkajónustu fyrir heyrnarlausra. Hún benti á að líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra myndi taka stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu, „sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að betla af t.d. vinnuveitendum að þeir greiði fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum.“

Undirskriftarsöfnun á netinu

Móðir heyrnarlausrar stúlku, Valdís Jónsdóttir, hóf undirskriftarsöfnun á netinu þann 5. febrúar 2007 og birtist svonefndur texti „vegna umræðunnar sem fram hefur farið í þjóðfélaginu um táknmál, táknmálsbann og kynferðislega misnotkun viljum við fyrrverandi kennarar við Heyrnleysingjaskólann og foreldrar heyrnarlausra lýsa yfir stuðningi við hagsmunabaráttu heyrnarlausra og aðgerðir Félags heyrnarlausra til þess að styðja félagsmenn sína. Við hörmum þær aðstæður sem upp komu í hópi heyrnarlausra. Á þessum tíma var ekki vitað að táknmál væri mál og það var ein af ástæðunum fyrir því að ekki var gripið fyrr í taumana. Nú skorum við á stjórnvöld að viðurkenna táknmál sem opinbert mál á Íslandi við hlið íslensku og að styðja aðgerðir félagsins til þess að koma félagsmönnum sínum til hjálpar.“ Í upphafi voru það fyrst fyrrverandi kennarar við Heyrnleysingjaskólann og foreldrar heyrnarlausra sem með þessum undirskriftarlista voru að lýsa yfir stuðningi við hagsmunabaráttu heyrnarlausra. En í ljós kom að mun fleiri en foreldrar heyrnarlausra og fyrrverandi kennarar vildu styðja þennan málstað. Um 2.859 einstaklingar skrifuðu undir og afhenti Valdís félaginu undirskriftarlistann þann 12. mars.

Afhending undirskriftarlista til forseta Alþingis

Samdægurs afhenti Hjördís Anna Haraldsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, undirskriftarlista til stuðnings við félagið og hagsmunabaráttu þess. Geir H. Haarde, forsætisráðherra var viðstaddur og afhendingin fór fram í Alþingishúsinu í viðurvist fréttamanna og félagsmanna. Hjördís sagði „með þessum undirskriftarlista er verið að skora á stjórnvöld að viðurkenna íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra“ og hún vakti athygli á táknmálsfrumvarpi sem Sigurlín Margrét Sigurðardóttir lagði fram á alþingi 27. febrúar. Hjördís sagði að þetta frumvarp kæmi til með að snerta líf margra og aðgengi heyrnarlausra að íslenska samfélaginu í dag. Sólveig Pétursdóttir tók við undirskriftarlistanum og sagði að táknmálsfrumvarpið væri til umræðu í menntamálanefnd Alþingis og sagðist



Sigurlín Margrét Sigurðardóttir

skilja málefnið vel. Að lokum óskaði hún heyrnarlausum góðs gengis.

Frumvarpið fór ekki úr nefnd

Frumvarpið fór ekki í gegn í menntamálanefndinni þrátt fyrir bjartsýni. Í Morgunblaðinu þann 16. mars sl. sagði Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar og einn flutningsmanna frumvarpsins „að mikil samúð hafi verið með málstaðnum í nefndinni en að meiri tíma þurfi til að fara yfir frumvarpið og þær skyldur sem því fylgja. Ljóst sé að lagabreytingarnar myndu verða mjög kostnaðarsamar og að auki leggi frumvarpið skyldur t.d. á ljósvakamiðla.“ Einnig sagði Sigurður að „það er of mörgum spurningum ósvarað enn og það verður að meta betur áhrif frumvarpsins á alla sem það varðar,“ og bætur við að kostnaðaráætlun þurfi að liggja fyrir.

Félag heyrnarlausra harnar að frumvarpið var ekki samþykkt

Þann 19. mars sendi Félag heyrnarlausra frá sér yfirlýsingu og harmaði að frumvarp um viðurkenningu á íslenska táknmálinu náði ekki í gegn á liðnu þingi og mun félagið halda áfram að vinna að þessu máli og gefast ekki upp.

Hvað þýðir frumvarpið?

Við ákváðum að taka viðtal við Sigurlínu Margréti Sigurðardóttur varapingmann sem var flutningsmaður frumvarpsins til að fá

að vita hvað frumvarpið þýðir fyrir táknmálsnotendur og hvað viðurkenning á táknmálinu sem móðurmáli fyrir heyrnarlausra þýðir. Sigurlín Margrét sagði að réttindi heyrnarlausra á forsendum táknmálsins yrðu tryggð með lögum og myndi auka aðgengi heyrnarlausra að upplýsingum, t.d. í banka eða hjá stjórnarsýslunni, þar sem ríkið greiði fyrir túlkanotkun. Hún sagði að aðgengi fyrir heyrnarlausra yrði tryggð í fjölmiðlum á táknmáli eða textað. Sigurlín Margrét sagði „það þýðir að táknmálsnotendur (heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir) munu fá réttindum sínum fullnægt á forsendum táknmáls og viðurkenningu á tilverurétti sínum og táknmálsins hér á landi. Þessi réttindi sem eru mikilvægasta innleggið í málinu hanga nú þegar sem bráðabirgðalausn í flestum tilfellum. Það er ekki úthlutað það fé sem þarf til að anna öllu, þannig séð er vegið að jafnræðisreglunni, því táknmálsnotendur geta ekki valið og sinnt til dæmis sínum áhugamálum eins og aðrir landsmenn. Núverandi staða setur hömlur á þessa ástundun og sífellt spretta upp vafamál hver eigi að greiða túlkinn. Það hefur komið fyrir að heyrnarlausir hafa þurft að leita til dómstóla til að fá úr því skorið hver eigi að greiða túlkinn og dæmi um það þegar foreldrar stefndu grunnskóla í Reykjavík fyrir dóm vegna þess að skólinn neitaði að borga túlkinn. Þetta frumvarp mun eyða efasemdum hver greiðir fyrir

túlkinn í hvert sinn sem heyrnarlaus ætla að sinna áhugamáli sínu eða þá jafnvel tómsundastarfi eða skólagöngu barns síns sem uppalandi og ábyrgðarmaður. Samþykkt frumvarpsins myndi breyta miklu fyrir táknaástandur þegar að jafnræðinu kemur”.

Mikil trú á frumvarpið

Hver urðu viðbrögð þín við að frumvarpið fór ekki í gegn í menntamálanefnd Alþingis? Sigurlín Margrét sagði að hún hefði verið bjartsýn og haft mikla trú á þessu málefni, þetta er svo sjálfsgagt réttindamál og víða um heim hefur verið mikil vitundarvakning hvað þessi mál varðar. „Heyrnarlausir á Íslandi hafa verið duglegir að láta heyra í sér ef þeim finnst að sér vegið og ég er afar stolt af því, það sama hefur átt sér í stað erlendis.” Gerist oft að þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum verði flutningsmenn að frumvarpi? „Nei, það er ekki oft, en það gerist þegar þverpólísk samstaða næst um málefnið, það gerðist í þessu tilfalli en náði ekki fram að ganga, því miður. Jafnvel þó málefni séu þverpólísk geta þau ekki náð fram að ganga.” Formaður menntamálanefnd Alþingis segir að málið strandaði vegna kostnaðar, en Sigurlín áætla að kostnaðaraukning yrði mest hvað varðar félagslega túlkun, þar sem yrði byggt á jafnræðisreglunni og yrði þá sama ef heyrandi eða heyrnarlaus sem pantar túlk. Í dag er ekki svo, ef heyrandi pantar túlk þarf hann að greiða hann en ef heyrnarlaus pantar þá greiðist það úr félagslega sjóðnum vegna daglegs lífs sem er takmarkaður fyrir. En Sigurlín Margrét er ekki sammála því að málið eigi að stranda vegna þess að það vantaði kostnaðaráætlun, það átti að vera búið að vinna í því og tími gafst til þess. Sigurlín Margrét segir að staða táknaástands á Norðurlöndum er mjög framarlega miðað við Ísland en það er mjög misjafnt, hvernig þeim málum er háttað í lagalegu formi. Sigurlínu Margréti þótti rétt að segja það að fyrirmynd íslenska táknaástandsfrumvarpsins er bresk en Bretar samþykktu réttindaskrá táknaástandsins í mars 2002.

Heyrnarlausir þurfa að láta vita af sér

Sigurlín Margrét, ert þú með einhver lokaorð fyrir lesendur Döfblaðsins?



Skrifstofa Alþingis/Bragi Þór Jósefsson

Í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf 130. löggjafarþings flutti þingmaður í fyrsta sinn ræðu á táknaástandi á Alþingi. Það gerði Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, varþingmaður. Auk hennar sjást á myndinni táknaástandstúlkarnir Sigrún Edda Theódórsdóttir og Lilja Kristín Magnúsdóttir.

„Mér finnst mjög virðingarvert að vinna að þessu baráttumáli, það hefur eftir mig í að gera hlutina betur en samt finnst mér ég hafa komið miklu frá mér í þekkingarbrunn samfélagsins um málefni heyrnarlausra og táknaástandsins. Það hefur einnig hjálpað gríðarlega í baráttunni fyrir þessum sjálfsgöðu mannréttindum að heyrnarlausir sjálfir hafa látið í sér heyra og óskir þeirra varðandi táknaástandið, það tekur mig því afar sárt að stjórnvöld skuli ekki hafa sömu sýn og þeir varðandi þetta sjálfsgöða réttindamál, jafnvel þó góður vilji hafi verið til þess og málið þverpólískt. Heyrnarlausir eru ekki lengur hógvæð hópur og vita með vissu að verði réttindi þeirra tryggð er líka sett ákveðin skylda á herðar þeirra að láta vita af sér og sínum þörfum, heyrnarleysi er svolítið dulín fötlun og því mikilvægt að þeir láti vita af sér og tálkaþörf sinni á hverjum tíma.”

Fyrirspurn til þingflokka sem buðu sig fram

Fyrir alþingiskosningar þann 12. maí sl. sendi Félag heyrnarlausra öllum flokkum sem buðu fram til þings fyrirspurn vegna komandi alþingiskosninga. Fyrirspurnin var eftirfarandi: „Undanfarið hefur verið mikil umræða um aðgengismál í samfélaginu. Við sem erum heyrnarlaus og höfum táknaástand sem

okkar fyrsta mál búum við verulega takmarkað aðgengi að „upplýsingasamfélaginu”. Að viðurkenna táknaástand yrði aðalýkill okkar til að opna fyrir þetta aðgengi að samfélaginu ásamt öflugri og aðgengilegri tálkaþjónustu, textuðu efni úr töluðu máli í miðlum eins og sjónvarpi, fræðsluefni, allt efni með íslensku tali. Spurningin er sú hvort við eigum raunverulega von um að fá aðgengi á okkar forsendum, táknaástandinu, að ykkar upplýsingasamfélagi”. Svar barst frá Íslandshreyfingunni, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði, Sjálfstæðisflokknum, Samfylkingunni og Framsóknarflokknum. Svörin voru mjög jákvæð og Íslandshreyfingin, Vinstrihreyfingin grænt framboð og Samfylkingin vilja viðurkenna íslenskt táknaástand sem móðurmál heyrnarlausra. Framsóknarflokkurinn vill ljúka við kostnaðarmatið á frumvarpinu sem flutt var sl. vetur. Sjálfstæðisflokkurinn vildi fá kostnaðaráætlun og velti fyrir sér spurningu hvort réttara sé að styrkja stöðu táknaástandsins á annan hátt en að viðurkenna tilvist þess sérstaklega í lögum, enda er slíkt ekki gert með almennum hætti í lögum varðandi íslenska tungu.

Aldraðir í heimsókn til félagsins



Félag heyrnarlausra bauð eldri félagsmönnum í sólarkaffi í húsakynnum félagsins þann 5. júní sl. Var boðið upp á kaffi og meðlæti og mikið var spjallað saman. Félag heyrnarlausra hefur boðið öldruðum heyrnarlausum í mat á Vitatorgi á tveggja vikna fresti og mun styrkja hópinn sem fer til Svíþjóðar á Norrænt mót aldraðra sem verður haldið í sumar. Hér má sjá mynd frá heimsókninni.

Þrír döff hafa stundað sjóinn í samtals 138 ár



Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur 3. júní sl. um allt land, m.a. voru fimm sjómenn heiðraðir og einn af þeim er heyrnarlaus, Magnús Guðberg Jónsson. Hann hlaut viðurkenningu fyrir langa og gifturríka starfsævi á sjó en hann er búinn að vera sjómaður í 47 ár. Á myndinni með Magnúsi eru tveir heyrnarlausir sem hafa hlotið orðuna, þeir Rudolf Kristinsson (44 ár á sjó) sem hlaut hana árið 2001 og Haraldur Friðjónsson (47 ár á sjó) sem hlaut hana í fyrra. Áður hafði heyrnarlaus maður að nafni Þorsteinn Þorgeirsson frá Lambastöðum í Garði hlotið hana árið 1984, fyrstur heyrnarlausra. Félag heyrnarlausra óskar Magnús til hamingju með orðuna.

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Reykjavík

A. Wendel ehf, Sóltúni 1
 Aðalhreinsir - Drifa ehf,
 Hringbraut 119
 Alefli ehf byggingaverktakar,
 Þarabakka 3
 Allar lagnir ehf, Æsufelli 4
 Allt fint ehf, Hrístateigi 45
 Allt-af ehf, Hraunbæ 109c
 Andrés, fataverslun,
 Skólavörðustíg 22a
 Andrésón ehf, Vesturgötu 14
 Áfengis- og tóbaksverslun
 ríkisins, Stuðlahálsi 2
 Árni Reynisson ehf,
 Laugavegur 170
 Ásbjörn Ólafsson ehf,
 Skútuvogi 11a
 Barnavemdarstofa, Borgartúni 21
 Bensinorkan ehf, Hólmaslóð 20
 Betra líf ehf, Kringlunni 8
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílamálan Halldórs Þ
 Nikulássonar, Funahöfða 3
 Bílamálan Sigursveins
 Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
 Bílasala Guðfinns við Gullinbrú,
 Stórhöfða 15
 Bílasalan Höfðahöllin ehf,
 Kleitthálsi 2
 Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
 Bílasprautun SMS ehf,
 Smiðshöfða 12
 Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
 Blaðamannafélag Íslands,
 Síðumúla 23
 Bláber ehf, Viðarríma 22
 Blíkksmiðja Gylfa ehf,
 Bildshöfða 18
 Blíkksmiðja Reykjavíkur,
 Súðarvogi 7
 Blómastofa Friðfinns,
 Suðurlandsbraut 10
 Bókaútgáfan Hólar ehf,
 Hagasel 14
 Bókaútgáfan Öm og Örygur ehf,
 Hjarðarhaga 54
 Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf,
 Ármúla 1
 Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf,
 Skeifunni 4
 BSRB, Grettisgötu 89
 Búsáhöld og gjafavörur,
 Kringlunni 8-12
 Bændasamtök Íslands,
 Bændahöllinni Hagatorgi
 Danica sjávarafurðir ehf,
 Laugavegi 44
 Deloitte hf, Stórhöfða 23
 Dúklagnameistarinn ehf,
 Geitlandi 7
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Efnalaug Árbæjar ehf,
 Hraunbæ 102
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
 Einar Forestveit og Co hf,
 Borgartúni 28
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 F&F Kort ehf,
 Suðurlandsbraut 10, 2. hæð
 Fasteignasalan Fasteign.is ehf,
 Borgartúni 22
 Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu

Tryggvagötu 17
 Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
 Fiskkaup hf, Geirsgötu 11
 Fjárfestingafélagið Gaumur ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Fjármál heimilanna ehf,
 Sundagörðum 2
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla,
 Ármúla 14
 Flisalagnir Afrims ehf, Torfufelli 30
 Flutningatækni ehf, Súðarvogi 2
 Fólksbílaland ehf, Bildshöfða 18
 Fröken Júlía ehf, Mjódd
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 G.Á. verktakar sf, Austurfold 7
 G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14
 Gallabuxnabúðin Kringlunni,
 Kringlunni 4-12
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Gastec ehf, Bildshöfða 14
 GG flutningar ehf, Dugguvogi 2
 Gissur og Pálmi ehf,
 byggingaverktaki, Álfabakka 14a
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Gluggahreinsun Loga,
 Funafold 4
 GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
 Grásteinn ehf, Grímshaga 3
 Guðmundur Jónasson ehf,
 Borgartúni 34
 H. Hauksson ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Hafgæði sf, Fiskislóð 47
 Hagverk ehf, bílasmiði,
 Bæjarflöt 2
 Happraætti Dvalarheimilis
 aldraðra sjómanna,
 Tjarnargötu 10
 Harðviðarval ehf, Krókhálsi 4
 Hár ehf, Kringlunni 7
 Hárgreiðslustofan Stubbalubbar,
 Barðastöðum 1-3
 Hársnyrtistofa Dóra,
 Langholtsvegi 128
 Háskólinn í Reykjavík,
 Ofanleiti 2
 Heimilisprýði ehf við,
 Hallarmúla 1
 HeklaSoft ehf, Reykjalíð 8
 Henson, Brautarholti 24
 HGK ehf, Laugavegi 13
 HJ bílar ehf, Berjaríma 35
 Hjálpræðisherinn á Íslandi,
 Garðastræti 38
 Hringstjá, náms- og
 starfsendurhæfing, Hátúni 10b
 Húsakaup ehf,
 Suðurlandsbraut 52
 Húsalagnir ehf, Súðarvogi 7
 Húsið fasteignasalan,
 Suðurlandsbraut 50
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Höfði fasteignamiðlun ehf,
 Suðurlandsbraut 20, og
 Bæjarhrauni 22
 Ingileifur Jónsson ehf,
 Funahöfða 6
 Innform ehf, Klapparstíg 27
 Innheimtustofnun sveitarfélaga,
 Lágumúla 9
 Internet á Íslandi hf, ISNIC,
 Dunhaga 5
 Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21

Ísleifur Jónsson ehf,
 Draghálsi 14-16
 Íslenska auglýsingastofan,
 Laufásvegi 49-51
 Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf,
 Bildshöfða 12
 Íþróttá- og tómstundaráð
 Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1
 Jarðvélur sf, Síðumúla 28
 Jazzballettskóli Báru, Lágumúla 9
 Jón Ásbjörnsson hf, Geirsgötu 11
 Jón og Óskar úra- og
 skartgripaverslunin, Laugavegi 61
 Kaþólska kirkjan á Íslandi,
 Hávallagötu 14-16
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Kerfisþróun ehf, Fákaferni 11
 Kjúklíngastaðurinn Suðurverri ehf,
 Stígahlíð 45-47
 Kjötþól ehf, Frostafold 20
 Knattspyrnusamband Íslands,
 Laugardal
 Kópsson - Bílaþrif, Hyrjarhöfða 4
 Kórall sf, Vesturgötu 55
 KPMG hf, Borgartúni 27
 Kraftur hf, Vagnhöfða 1
 Landar ehf, Grandagarði 81
 Landssamtökin Proskahjálpar,
 Háaleitisbraut 13
 Landsteinar Strengur hf,
 Ármúla 7
 Langholtskirkja, Sólheimum 13
 Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
 Lindin, kristið útvarp FM 102.9,
 Krókhálsi 4
 List og saga ehf, Engjasei 41
 Litbrigði sf, Vættaborgum 61
 Loftstokkahreinsun ehf s:
 5670882, Garðhúsum 6
 Lögreglustjórnin í Reykjavík,
 Hverfisgötu 115
 Löþing ehf, lögfræðiskrifstofa,
 Kringlunni 4-12
 Mandat, lögmannstofa,
 Ránargata 18
 Matthías ehf, Vesturfold 40
 MEBA - Magnús E. Baldvinsson
 ehf, Kringlunni 8-12
 Melabúðin ehf, Hagamel 39
 Menntaskólinn við Hamrahlíð,
 Hamrahlíð 10
 Móa ehf, Box 9119
 Múr- og málingarþjónustan
 Höfn ehf, Réttarhálsi 2
 Múrarameistarafélag
 Reykjavíkur, Skipholti 70
 Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
 Nýja teiknistofan ehf,
 Síðumúla 20
 Ollúdreifing ehf, Gelgjutanga
 Optimar Iceland, Stangarhyl 6
 Oral ehf, Síðumúla 25
 Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17
 Ólafur Gíslason og Co hf,
 Sundaborg 3
 Ólafur Hans Grétarsson,
 tannlæknir, Faxafeni 5
 Pixlar ehf, Suðurlandsbraut 52
 Pípuhúsnaverktakar ehf,
 Langholtsvegi 109
 Rafás, rafverktaki, Fjarðarási 3
 Rafneisti ehf, Langholtsvegi 112b
 Rafsvið sf, Haukshólum 9

Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
 Raftæknistofan hf, Grensásvegi 3
 Ragnar Aðalsteinsson & Sigríður
 R Júlíusdóttir Lögmenn ehf,
 Klapparstíg 25-27
 Réttingaverkstæði Bjarna og
 Gunnars ehf, Bildshöfða 14
 Rolf Johansen & Co ehf,
 Skútuvogi 10a
 Rúmatalagerinn hf, Skeifunni 13
 Röntgen Domus Medica,
 Egilsgötu 3
 S.B.S. innréttingar, trésmiðja,
 Hyrjarhöfða 3
 Salli ehf, Vesturbergi 41
 Samband íslenskra
 bankamanna, Nethyl 2
 Securitas hf, Síðumúla 23
 Seljakirkja, Hagasei 40
 SFR stéttarfélag í
 almannþjónustu, Grettisgötu 89
 SÍBS, Síðumúla 6
 Sjálfstæðisflokkurinn,
 Háaleitisbraut 1
 Sjá-óháð veifræðgjöf ehf,
 Ingólfsstræti 1a
 Sjófiskur ehf, Eyjarlóð 7
 Sjómannafélag Íslands,
 Skipholti 50d
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
 bs, Skógarhlíð 14
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 SORPA, Gufunesi
 Sprinkler pípuhúsnir ehf,
 Bildshöfða 18
 SR múr ehf, Rjúpuvelli 8
 Starfsgreinasamband Íslands,
 Sætúni 1
 Stepp ehf, Ármúla 32
 Stofnun Árna Magnússonar,
 Árnagarði v/Suðurgötu
 Tannlækni bílar hf, Skeifunni 17
 Sveinsbakari, Arnabakka 4-6
 Sökkull ehf, Funahöfða 9
 T. ark Teiknistofan ehf,
 Brautarholti 6
 T.V. ehf tækniþjónusta og
 verktakar, Síðusei 5
 Talnakönnun hf, Borgartúni 23
 Tannlæknastofa Barkar
 Thoroddsen, Borgartúni 33
 Tannlæknastofa Björns
 Þorvaldssonar, Síðumúla 25
 Tannlæknastofa Kjartans Arnars
 Þorgeirssonar, Skipholti 33
 Tannlæknastofa Sigurður L.
 Viggóssonar, Borgartúni
 Tannsmiðafélag Íslands,
 Borgartúni 35
 Tannsmiðaverkstæði ehf,
 Síðumúla 29
 Tannsteini ehf, Bolholti 4
 Teiknivangur, teiknistofa,
 Kleppsmýrarvegi 8
 Trésmiðja GKS ehf, Funahöfða 19
 Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
 Tryggingamiðlun Íslands ehf,
 Síðumúla 21
 Tryggingastofnun ríkisins,
 Laugavegi 114
 Tölvar ehf, Síðumúla 1
 Umslag ehf, Lágumúla 5 (bakhús)



Norræn Menningarhátið heyrnarlausra á Akureyri

Líf og fjör á táknmáli

Grein eftir Sigurlín Margréti Sigurðardóttir

Löng hefð er fyrir því að norræn Menningarhátið heyrnarlausra sé haldin til skiptis á Norðurlöndum fjórða hvert ár. Norðurlandaráð heyrnarlausra var stofnað 1907 og á því hundrað ára afmæli á næsta ári. Síðasta var haldin Menningarhátið á Íslandi 1986 og þá í Reykjavík. Undirbúningur hófst fyrir þremur árum og kom þá strax tillaga um að halda hátiðina á Akureyri. Var það gert með það í huga að norrænir gestir myndu sjá sem mest af landinu yfir hátiðina. Það er reyndist svo sannanlega rétt því skipulag hátiðarinnar, staðarvali og umhverfi var hrósað í hástert af öllum þátttakendum, erlendum sem innlendum. Um 220 þátttakendur voru

á hátiðinni, flestir komu frá Norðurlöndum.

Þema menningarhátiðarinnar var Deaf and Nature eða Heyrnarlausir og Náttúran. Það gat ekki átt betur við því fyrirlestrar fjölluðu um efni sem tengdist menningu heyrnarlausra á sviði menntunar, mannfræði og heimspeki og inn í það spannst umræða um tengsl við náttúruna og umhverfið. Allt ný innlegg í umræðuna um menningu heyrnarlausra og nýjar uppgötvanir á því sviði og þótti mörgum mikið til þess koma.

Þátttakendur gerðu sér margt fleira til gamans en að sitja inni á fyrirlestrum á hátiðinni. Þar kemur að náttúrunni

eins og kom fram í þema hátiðarinnar. Það var farið í dagsferðir. Farið var til Húsavíkur og þar var farið í hvalskoðunarferð. Veður var eins og best var kosið, sól og sjórinn spegilsléttur. Það sem meira var er að þátttakendur náðu að sjá hvalina og hnísurnar leika sér því einnig skaut upp öllum að óvörum Steypireyð. Leiðsögumaðurinn sjálfur hafði aldrei upplifað það að sjá Steypireyð í ferðum sínum sem voru orðnar æði margar og fullkomnaði heimsókn Steypireyðsins heimsókn erlendra þátttakenda sem og íslenskra sem ekki höfðu séð hann áður. Einnig var farið í ferð að Mývatni og Jarðböðin þar heimsótt.

Hestaferðin var líka vinsæl og komust færri að en vildu.

Skipuleggjendur hátíðarinnar sáu um að þátttakendum leiddist ekki þegar halla tók að degi og var Græni Hatturinn þéttsetinn á hverju kvöldi en þar tróðu upp rapparar frá Finnlandi sem og uppistarar frá Bandaríkjunum og Ástralíu. En áður en fólk kom á Græna Hattinn hafði það að öllum líkindum farið á leiksýningar sem skipulagðar voru af Alþjóðlegri leiklistarhátíð heyrnarlausra "Draumar". Þar sýndi heyrnarlaust leiklistarfólk verk sín og voru þar meðal annars Píkusögur (Vagina Monologues) fluttar á táknmáli af þremur frönskum leikkonum. Tyst Teather frá Svíþjóð sýndi ljóðaleikrit og alla leið frá Singapore kom Ramesh Meyyappan leikari með einleik sinn This Side Up sem var um einmanna póstmanninn. Leiksýningarnar voru allar vel sóttar og voru áhorfendur uppnúmdir af því sem þeir sáu.

Börn og unglingar, bæði heyrnarlaus og heyrandi, komu með foreldrum sínum á hátíðina og þeim leiddist ekkert því daglega voru þau á Útilífsnámskeiði hjá skátunum við Hamragil og nutu sín vel þar. Hópur af ungum strákum gerði gott um betur og fór í útilegu yfir nótt á Vaðlaheiðinni og upplifðu þar með nokkrir sína fyrstu útilegu fjarri foreldrum sínum. Þeir fengu sinn skammt af sögum um álfa og huldufólk í grenndinni.

Á meðan hátíðinni stóð var ljósmyndakeppni um bestu ljósmynd hátíðarinnar. Myndin sem vann er sýndi það sem var meginþema hátíðarinnar. Kraftur fossins varð sjónarhorn náttúrunnar og unga konan með gleðilega andlitíð við fossinn táknaði gleði, frelsi og afslöppun. Flugleiðir gáfu verðlaun í ljósmyndakeppni sem var ferð fyrir tvo á austurströnd Bandaríkjanna. Verðlaunin hreppti ung dönsk stúlka, Stine Bergmann. Alls bárust 330 myndir í ljósmyndakeppnina þannig að úr vöndu var að ráða því margar voru nokkuð góðar líka. Á síðunni er hægt að sjá hluta af verðlaunamyndunum.

Ketilhúsið var líka flottur staður, en það var aðalmiðstöð hátíðarinnar, þar voru haldnir allir fyrirlestrar sem og myndlistarsýning heyrnarlausra myndlistarmanna sem var vel sótt. Í



félagsmiðstöð bæjarins Rósenborg gátu þátttakendur nýtt sér að fara á stutt námskeið og voru glerbræðslu-silfursmíði og þæfingarnámskeið í boði, þeir sem fóru á námskeiðið bjuggu til einhverja hluti og tóku heim með sér.

Í lok hvernar hátíðar var að venju haldið veglegt lokahóf hátíðarinnar. Það var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri. Bautinn sá um allan mat og heppnaðist lokahófið mjög vel í alla staði.

Menningarhátíð heyrnarlausra var þar með lokið og upp stóð 6 daga hátíð uppfull af fræðslu, gleði, ánægju og

leiftrandi áhuga allra þátttakenda. Íbúar Akureyrar fóru ekki varhluta að bærinn þeirra hefði fyllst af heyrnarlausu fólki og táknmálið varð alsráðandi á matsölustöðum og kaffihúsum á göngugötunni á Akureyri sem og annarstaðar í bænum.



Fjölbreytt menningarhátíð á Akureyri



Myndagrein eftir Hauk Vilhjálmsson

Fjölmenni á opunarhátíð norrænu menningarhátíðar heyrnarlausra

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra var sett þann 10. júlí 2006 í Ketilhúsinu á Akureyri af Hauki Vilhjálmsyni og Berglindi Stefánsdóttur. Á sama tíma á Akureyri var haldin alþjóðleg leiklistarhátíð heyrnarlausra, svokölluð Döff-leikhúshátíð, sú fyrsta sem haldin er á Íslandi. Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar, flutti ávarp og sagði meðal annars að hún hafi fylgst með málefnum heyrnarlausra í sjónvarpinu á undanförunum vikum og þótti mjög ánægjulegt að fá menningarhátíð heyrnarlausra til Akureyrar. Flutt var ljóðið „En song om frihet“ eftir Mikis Theodorakis en Lars-Åke Wikström og Ingela Hanson sungu það á táknmál. Haukur flutti stutt yfirlit um sögulega þróun frá síðustu menningarhátíð, sem haldin var hér á landi árið 1986, og hvað hefur breyst síðan þá. Myndir frá opunarhátíðinni eru frá Akureyrarbæ og eru birtar með góðfúslegu leyfi.





Hestaferð í Eyjafirðinum

Þjóðlegasti og skemmtilegasti ferðamáti um Eyjafjörð er á hestum. Að fara á hestbak var frábær afþreying og upplifun fyrir þátttakendur á menningarhátíðina sem upplifðu náttúruna og menninguna mjög sterkt. Sérstaka athygli vakti að túlkur var einnig á hestbaki og túlkaði fyrir þá sem vildu.

Heyrnarlausir rappa á Akureyri

Fjölbreytt dagskrá var í boði alla dagana en á kvöldin komu heyrnarlausir saman á krá Græna hattarins í miðbænum og dönsuðu og röppuðu. Þar var finnska skífubeytis teymið Signmark. Í teyminu eru þrír menn, einn er heyrnarlaus og er aðalmaðurinn, hinir eru heyrandi og sjá um að hljóðbrellurnar komi fyrir á réttum stöðum. Þeir unnu með rapp tónlist og þeir sáu um að húa til rappkeppni milli Norðurlandanna, þar sem bæði tóku þátt hópar og einstaklingar. Tónlist þeirra er kröftug og táknið sögð í takt við þau.



Ævintýri fyrir börn og unglinga á menningarhátíðinni

Í boði voru viku ævintýranámskeið fyrir börn og unglinga að Hömrum í Kjarnaskógi. Þar var boðið upp á margvíslega fræðslu, leiki og útiveru. Um 20 börn og unglingar skráðu sig á námskeiðið auk þess tóku þátt þrjú heyrnarlaus börn. Síðasta kvöldið fékk eldri hópurinn að gista eina nótt í skátaskálanum og þar horfðu þau á bíómyndir og borðuðu popp og ýmis önnur skemmtun var einnig í boði. Mikil ánægja var með námskeiðið.





Fimm mismunandi táknmálstúlkanir í skoðunarferðinni til Mývatns

Færri en vildu komast í ferðina til Mývatns og baðlón Jarðbaðanna við Mývatn. Í þessari ferð gafst tækifæri til að sjá það helsta undir leiðsögn leiðsögumanns. Hann talaði ensku en túlkað var yfir á sænskt, norskt, danskt, amerískt og íslenskt táknmál sem þýðir að fullt aðgengi var í rúttunni. Fyrsta stopp í þessari ferð var við Goðafoss. Frá Goðafossi var haldið að leirhverunum á Hverarönd. Haldið var svo að baðlóni Jarðbaðanna við Mývatn.



Þrjár stuttmyndir um ólík efni voru sýndar í Rósenborg

Vilhjálmur G. Vilhjálmsson frá Íslandi sýndi myndir frá Japansferð sinni frá sumrinu 2005 en hann fékk ferðina í 50 ára afmælisgjöf. Hann vissi ekki hvert ferðinni var heitið í upphafi og fengu þátttakendur á menningarhátíðinni að fylgjast með ferðinni. Vilhjálmur sýndi mjög gott myndband frá Japansferðinni sem tók um 40 mínútur og var sýnt á risaskjá. Á eftir voru nokkrar fyrirspurnir og umræður um Japansferðina og menningu heymarlausra. Þetta var mjög athyglisvert og skemmtilegt og tóku umræðurnar u.þ.b. 15 mínútur.

Ragnar Veer frá Svíþjóð hélt erindi um veiðar og lýsti veiðum á spendýrum eins og hreindýrum, veiðum á fuglum og svo laxaveiði í náttúrunni. Hann sýndi aðallega skuggamyndir og tók um 45 mínútur í flutningi með umræðum.

Jerome Cain frá Svíþjóð frumsýndi myndband „Mótmæli í Gallaudet“, þar sem nemendur og starfsmenn mótmæltu nýráðnum rektor háskólans fyrr í vor. Mótmælin hafa vakið mikla athygli víða um heiminn.



Góð þátttaka á fyrirlestrarröð menningarhátíðar

Þrjár fyrirlestrar voru fluttir í Ketilhúsinu miðvikudagsmorguninn 12. júlí. Það voru þau Paal Rikard Petersen framkvæmdarstjóri Landsambands heyrnarlausra í Noregi sem flutti erindi um „döff – einfaldlega“, Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknafræðum við Háskóla Íslands sem flutti erindi „myndlíkingar í táknafræðum“ og síðan flutti Hilde Hauland frá Noregi og nemandi í Gallaudet háskólanum erindið „döff og staður/rými“. Eftir fyrirlestrana tóku við umræður og fyrirspurnir. Tveir fyrirlestrar voru svo fluttir í Ketilhúsinu föstudagsmorguninn 14. júlí. Hjördís Anna Haraldsdóttir flutti erindið „hugleiðingar mínar um blöndun í skólakerfinu“ og Filip Verhelst frá Danmörku flutti erindið „náttúra eða tækni“. Miklar umræður voru um fyrirlestrana og m.a. hugleiddu þátttakendur hvaða áhrif það hefur á heyrnarlaust barn að vera háð tülk í almennum skóla þar sem álagið gæti verið meira á heyrnarlausa nemandanum en þeim heyrandi. Allt heppnaðist þetta mjög vel og voru þetta mjög áhugaverðir fyrirlestrar um málefni heyrnarlausra.



Útihátíð og grillveisla í Kjarnaskógi

Margt var gert til gamans á útihátíð í Kjarnaskógi, jafnt fyrir börn og unglina. Farið var í reiptog og ýmsa leiki. Bautinn sá um grillið og var borðað inni í hlöðu að Hömrum í Kjarnaskógi. Þátttakendur á menningarhátíðinni fóru með strætó frá Strætisvögnum Akureyrar frá Ketilhúsinu að Hömrum í Kjarnaskógi og heim aftur.



Fjölbreyttar listasmiðjur í Rósenborg

Listasmiðjur voru í boði á menningarhátíðinni og voru fjórar listasmiðjur í boði, gerð víkingakeðju, þæfing, vefnaður og glerbræðsla. Mjög vinsælt var á glerbræðslunni, víkingakeðjunni og þæfingunni.




Kolbrún er sú eina heyrnarlausra sem sér um kennslu í glerbræðslu. Til gamans má geta að einn af íslensku þátttakendum í vefnaðinum tókst að klára slæðu/ trefil sem tengist þjóðbúning hennar sem hún hóf að sauma sjálf fyrir í vetur og mætti hún stolt í þjóðbúningnum í lokahófið. Mjög góð þátttaka var og flest námskeiðin voru fullnýtt.



Margir skiluðu inn myndum í ljósmyndasamkeppni menningarhátíðar

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra efndi til ljósmyndasamkeppni fyrir skráða gesti hátíðarinnar. Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar á lokahófinu og var tilkynnt um fimm bestu myndirnar. Nokkrar myndir sem bárust voru birtar á risaskjá á lokahófi hátíðarinnar. Mynd Stine Bergmann frá Danmörku var valin besta mynd menningarhátíðarinnar. Aðrir sem hlutu viðurkenningu voru Ragnar Veer frá Svíþjóð, Marko Vuoriheimo frá Finnland, Tomas Lagergren frá Danmörku og María J. Jóhannsdóttir frá Ísland. Icelandair var styrktaraðili ljósmyndasamkeppninnar.



Lokahóf menningarhátíðar, full af skemmtun og gleði

